



Ályktun um séreignarlífeyrissparnað

Þing Starfsgreinasambands Íslands mótmælir þeirri fyrirætlun stjórnvalda að þrengja að skattfrelsi lífeyrисиðgjalda í séreignarlífeyrissjóði. Í rúman áratug hefur launafólk getað lagt allt að 4% af launum sínum í séreignarlífeyrissparnað án þess að greiða tekjuskatt af þeirri inngreiðslu. Nú er boðað að þetta hlutfall eigi að lækka um helming.

Nái þessar fyrirætlunir stjórnvalda fram að ganga hlýtur verkalýðshreyfingin að hvetja félagsmenn sína til að hætta að leggja í séreignarsparnað umfram 2% af eigin launum. Fyrir liggur að sá hluti sem er umfram 2% lendir að mestu í eignaupptöku stjórnvalda þar sem bæði inn- og útgreiðsla sparnaðarins verður skattlögð. Tvísköttunin leiðir til þess að milli 60 og 70% af höfuðstól sparnaðarins greiðist í skatt. Þá er ótalið að vextir af sparnaðinum verða skattlagðir eins og launatekjur en ekki eins og fjármagnstekjur.

Þing Starfsgreinasambandsins krefst þess að stjórnvöld láti af þessum vanhugsuðu fyrirætlunum. Afleiðingin mun verða minni sparnaður til framtíðar. Slíkt er sérstaklega óheppilegt nú þegar þjóðin þarf á sparnaði að halda til þess að auka fjárfestingar til að leggja grunn að aukinni verðmætasköpun.